

**Kennari:**

Brynhildur Sigurðardóttir  
Heiða Björg Árnadóttir

Allir sem starfa með bekknum taka þátt  
í að meta lykilhæfni nemenda

**Kennslufyrirkomulag:**

Nám og félagslíf nemenda, í bekk, í einstaklings- og  
hópavinnu, í hléum og vettvangsferðum.

**Tímafjöldi:**

Lykilhæfni er kennd í samþættingu við allar  
námsgreinar og í öllu daglegu starfi í Stapaskóla

**Bekkur:**

10. bekkur

**Lykilhæfni í Aðalnámskrá grunnskóla**

Í Aðalnámskrá er fjallað um hvernig grunnþættir í menntun skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla. Grunnþættir menntunar eru sex: Heilsa og velferð; jafnrétti; lýðræði; sköpun; sjálfbærni; og læsi. Í aðalnámskrá er lögð áhersla á að grunnskólinn skapi vettvang til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna sem búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Með því að skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni í öllu námi frá upphafi skólagöngu er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda. Hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

Í Stapaskóla horfum við til skilgreiningar aðalnámskrár grunnskóla en höfum bætt tveimur þáttum inn í lykilhæfni námskrána: Hugarfrelsi og tækni og búnaður. Það á við um þessa þætti eins og aðra lykilhæfni að allir kennarar vinna að þessum þáttum í daglegu starfi skólans. Lykilhæfninámskráin skiptist því í eftirfarandi flokka:

- **Hugarfrelsi.** Gildi Stapaskóla eru gleði, vinátta, samvinna og virðing. Það er í samræmi við þessi gildi sem lögð er áhersla á að þjálfar nemendur í núvitund og kenna þeim leiðir til að byggja upp og bera ábyrgð á andlegri heilsu sinni.
- **Tjáning og miðlun.** Fyrir borgara í lýðræðislegu samfélagi er mikilvægt að þjálfar upp hæfni til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Nemendur þjálfar hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- **Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Hugsunin er lykiltæki í mótun sjálfsmýndar og þekkingarleit. Stefnt er að því að nemendur byggja upp skapandi hugsun, sýni frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Þjálfuð er hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, sýna áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.
- **Sjálfstæði og samvinna.** Skólastarf er fjölbreytt og nemendur þurfa að öðlast hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn
- **Nýting miðla og upplýsinga.** Þekking birtist á margvíslegan hátt í nútímasamfélaginu. Nemendur þurfa því að byggja upp hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.
- **Tækni og búnaður.** Í heimi sem nýtir rafmagn og vélar í sívaxandi mæli til að vinna störf er grundvallaratriði að kenna börnum að nýta tæknina í öllu daglegu starfi.
- **Ábyrgð á eigin námi.** Nemandinn verður að vera virkur ef hann ætlar að stunda nám. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu er því grundvallaratriði í öllu skólastarfi.

## Lykilhæfni í Stapaskóla

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Hugarfrelsi	Hugarfrelsi í Stapaskóla hugarfrelsi.is uppbygging.is	<ul style="list-style-type: none"> <li>Getur fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda og sett þau í samhengi við eigin lífsstíl.</li> <li>Getur nýtt æfingar í öndun, slökun og núvitund til að bæta eigin einbeitingu.</li> <li>Getur nefnt aðstæður þar sem öndunaræfingar geta nýst vel.</li> <li>Hefur náð hæfni til að einbeita sér að slökunar og hugleiðsluæfingum.</li> <li>Þekkir mikilvæg gildi eins og kærleika, þakklæti, hrós, tillitssemi og umhyggju.</li> <li>Sýnir skilning og samhygð með stöðu og tilfinningum annarra.</li> </ul>	<p>Daglegt starf</p> <p>Uppbyggingarverkefni</p> <p>Hugarfrelsis æfingar</p> <p>Leikræn tjáning</p> <p>Lestur</p> <p>Samræður</p>
Tjáning og miðlun	<p>Textar, hugmyndir og verkefni nemenda</p> <p>68 æfingar í heimspeki</p> <p>Verkefnabanki Heimspekitorsins</p> <p>Námsefnið í öllum námsgreinum</p> <p>Efni og leiðbeiningar frá kennara</p> <p>Bekkjarreglur og fleiri sjónræn viðmið</p> <p>Padlet veggir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tjáir hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulagðan, skýran og viðeigandi hátt.</li> <li>Getur lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.</li> <li>Getur lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li>Getur nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skapandi, skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.</li> <li>Hlustar eftir rökum og upplýsingum í samræðum og tekur tillit til ólíkra sjónarmiða.</li> <li>Getur byggt upp skýra röksemdafærslu í máli sínu af yfirvegum og þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn.</li> <li>Notar orðaforða á fjölbreyttan hátt ásamt viðeigandi hugtökum sem tengjast margskonar umfjöllunarefnum.</li> <li>Tekur mið af og lagar framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notar viðeigandi hugtök.</li> </ul>	<p>Innlögn</p> <p>Áhorf</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Ritun</p> <p>Heimildavinna</p> <p>Rannsóknir</p> <p>Skapandi skil</p> <p>Kannanir á forms</p>

<p>Skapandi og gagnrýnin hugsun</p>	<p>Textar, hugmyndir og verkefni nemenda</p> <p>68 æfingar í heimspeki</p> <p>Verkefnabanki Heimspekitorgsins</p> <p>Námsefnið í öllum námsgreinum</p> <p>Efni og leiðbeiningar frá kennara</p> <p>Bekkjarreglur og fleiri sjónræn viðmið</p> <p>Padlet veggir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf sitt og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.</li> <li>• Getur spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð.</li> <li>• Getur endurskoðað skipulag og verkefnavinnu og gert úrbætur á eigin verkum.</li> <li>• Leitar lausna og leysir verkefni á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> <li>• Getur skilgreint og rökstutt viðmið um árangur.</li> <li>• Er óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og sér í þeim nýja möguleika.</li> <li>• Áttar sig á mismunandi túlkunum og greinir milli staðreynda og skoðana með rökum.</li> <li>• Beitir gagnrýninni hugsun: Getur vegið og metið upplýsingar með tilliti til gæða, trúverðugleika og efnismeðferðar þeirra, tekið upplýsta afstöðu til gagna, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu.</li> <li>• Getur beitt mismunandi sjónarhornum og gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li> <li>• Getur rætt á gagnrýninn hátt um ábyrga neyslu og hegðun.</li> </ul>	<p>Sjálfsmat</p> <p>Jafningjamat</p> <p>Leiðbeinandi samtöl</p>
-------------------------------------	--	--	---

<p>Sjálfstæði og samvinna</p>	<p>Textar, hugmyndir og verkefni nemenda</p> <p>Námsefnið í öllum námsgreinum</p> <p>Efni og leiðbeiningar frá kennara</p> <p>Bekjarreglur og fleiri sjónræn viðmið</p> <p>Padlet veggir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur unnið sjálfstætt og með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og námi.</li> <li>• Getur rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</li> <li>• Getur fylgt skipulagi og leiðbeiningum um námið.</li> <li>• Tekur frumkvæði í námi sínu, sýnir sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.</li> <li>• Leggur sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekur þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.</li> <li>• Getur gert grein fyrir leiðum sem borgarar í lýðræðislegu samfélagi hafa til að hafa áhrif á samfélagið sitt.</li> <li>• Sýnir virka þátttöku í skólasamfélaginu.</li> </ul>	<p>Daglegt starf</p> <p>Uppbyggingarverkefni</p> <p>Hugarfrelsi æfingar</p> <p>Leikræn tjáning</p> <p>Lestur</p> <p>Samræður</p> <p>Innlögn</p> <p>Áhorf</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Ritun</p> <p>Heimildavinna</p> <p>Rannsóknir</p> <p>Skapandi skil</p> <p>Kannanir á forms</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Jafningjamat</p> <p>Leiðbeinandi samtöl</p>
<p>Nýting miðla og upplýsinga</p>	<p>Textar, hugmyndir og verkefni nemenda</p> <p>Námsefnið í öllum námsgreinum</p> <p>Efni og leiðbeiningar frá kennara</p> <p>Bekjarreglur og fleiri sjónræn viðmið</p> <p>Ýmis tæki og forrit</p> <p>Ritver Háskóla Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.</li> <li>• Notar sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.</li> <li>• Nýtir sér til fullnustu möguleika margvíslegs tækniþúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.</li> <li>• Getur unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.</li> <li>• Getur unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum (t.d. kortum og gröfum), túlkað og lagt mat á, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér.</li> <li>• Sýnir ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða í heimilda- og verkefnavinnu.</li> <li>• Er meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar, nýtir rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.</li> <li>• Nýtir hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.</li> <li>• Notar fjölbreytta miðla við framsetningu á tölulegum gögnum.</li> <li>• Nýtir fjölbreytta miðla við mynd- og hljóðvinnslu.</li> </ul>	<p>Lestur</p> <p>Samræður</p> <p>Innlögn</p> <p>Áhorf</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Ritun</p> <p>Heimildavinna</p> <p>Rannsóknir</p> <p>Skapandi skil</p> <p>Kannanir á forms</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Jafningjamat</p> <p>Leiðbeinandi samtöl</p>
<p>Tækni og búnaður</p>	<p>Námsefnið í öllum námsgreinum</p> <p>Efni og leiðbeiningar frá kennara</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Beitir fingrasetningu á lyklaborð svo ritun sé flæðandi.</li> <li>• Nýtir miðla við fjölbreyttar vefsmíðar.</li> <li>• Þekkir og nýtir sér skipanir í forritun.</li> <li>• Getur útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.</li> </ul>	

	Ýmis tæki og forrit		
Ábyrgð og mat á eigin námi	Teams Textar, hugmyndir og verkefni nemenda Námsefnið í öllum námsgreinum Efni og leiðbeiningar frá kennara Bekkarreglur og fleiri sjónræn viðmið	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum með það að markmiði að byggja upp skýra sjálfsmýnd.</li> <li>• Nýtir styrkleika sína í námi og samskiptum.</li> <li>• Lítur á veikleika sína sem áskorun og sýnir vilja til að takast á við þá.</li> <li>• Getur sett sér markmið í námi og samskiptum, metið hvernig gengur að vinna að þeim og endurskoðað þau í ljósi framvindu.</li> <li>• Getur skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</li> <li>• Getur borið ábyrgð á eigin námi (t.d. að leita sér aðstoðar þegar þörf er á og skilað verkefnum á réttum tíma).</li> <li>• Tekur leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.</li> <li>• Getur sett fram eigin gagnrýni á uppbyggilegan hátt.</li> </ul>	
<b>Námsmat:</b>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í leiðsagnarhefti sem skráð eru jafnóðum á hæfnikort í Mentor . Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur og alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.</p> <p>Lykilhæfni er ekki afmörkuð námsgrein heldur vísar til viðhorfa og vinnubragða sem þjálfuð eru í öllu starfi skólans. Þessi lykilhæfni námskrá er því sameiginleg öllum námsgreinum í 7. - 10. bekk Stapaskóla og gert ráð fyrir að nemendur sýni fjölbreyttari og vaxandi hæfni eftir því sem þeir verða eldri.</p>		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága

Við lok 10. bekkjar eru allar námsgreinar metnar og nemandi fær útprentaðan vitnisburð með bókstaf í hverri námsgrein út frá matsviðmiðum sem lýsir hæfni nemandans. Matsviðmiðin eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Við mat á hæfni er notaður kvarðinn A, B, C og D.

Hér fyrir neðan er útskýrt á einfaldan hátt hvað haft er til hliðsjónar við einkunnargjöf.

<b>A</b>	Mikill meirihluti hæfniviðmiða blá ( <i>framúrskarandi</i> ) og græn ( <i>hæfni náð</i> ).
<b>B+</b>	Meirihluti hæfniviðmiða græn ( <i>hæfni náð</i> ) og örfá blá ( <i>framúrskarandi</i> ).
<b>B</b>	Mikill meirihluti hæfniviðmiða græn ( <i>hæfni náð</i> ) og nokkur fjólublá ( <i>á góðri leið</i> ).
<b>C+</b>	Mikill meirihluti hæfniviðmiða fjólublá ( <i>á góðri leið</i> ). Merkingar fjölbreyttar hjá nemandanum (grænt og gult ásamt þeim fjólubláa).
<b>C</b>	Mikill meirihluti hæfniviðmiða gul ( <i>þarfnast þjálfunar</i> ) og fjólublá ( <i>á góðri leið</i> ). Fá eða jafnvel engin hæfni græn.
<b>D</b>	Mikill meirihluti hæfniviðmiða eru gul. Nemandi uppfyllir ekki námskröfur sem til hans eru gerðar. Nemandi lýkur ekki verkefnum, tekur ekki þátt í kennslustundum og þarfnast mikillar leiðsagnar. Alltaf fylgir umsögn frá kennara þessum bókstaf.

*Tenglar á kennsluefni sem nefnt er hér að framan:*

[Hugarfrelsi í Stapaskóla](#)

<https://hugarfrelsi.is/>

<https://uppbygging.is/>

[68 æfingar í heimspeki](#)

[Verkefnabanki Heimspekitorgsins](#)

[Ritver háskóla Íslands](#)